



Tillaga um gangbrautir í tengslum við umferðaröryggisaðgerðir 2021

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að:

1. Eftirtaldar gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir.
 - a. Yfir Meistaravelli austan húss nr. 19-23.
 - b. Yfir Hofsvallagötu vestan Ásvallagötu.
 - c. Yfir Bríetartún austan Þórunnartúns.
 - d. Yfir Nóatún sunnan Sóltúns.
 - e. Yfir Engjaveg móts við hús nr. 6.
 - f. Yfir Skeiðarvog og húsagötu samsíða götunni, móts við hús nr. 97-107.
 - g. Yfir Háaleitisbraut sunnan Hvassaleitis.
 - h. Yfir Fjallkonuveg norðan Reykjafoldar.
 - i. Yfir Fjallkonuveg miðja vegu milli Reykjafoldar og Logafoldar.
 - j. Yfir Borgaveg austan Strandvegjar.
 - k. Yfir Borgaveg vestan biðstöðvar strætó í Spöng.
 - l. Yfir Borgaveg austan biðstöðvar strætó í Spöng.
 - m. Yfir Korpúlfsstaðaveg við biðstöð strætó milli Bakkastaða og Brúnastaða.
2. Bílastæði norðan Bríetartúns austan Þórunnartúns verði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð

Í tengslum við verkefnið umferðaröryggisaðgerðir 2021 sem innifelur ýmiskonar smærri aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í borginni eru hér lagðar til nokkrar aðgerðir sem þarfnast samþykkis ráðsins. Um er að ræða gangbrautir víðsvegar í borginni og eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Flestar gangbrautirnar eru í tengslum við gönguleiðir barna, ýmist á leið til og frá skóla eða frístundum.

Í samræmi við 1. mgr 84. gr umferðarlaga nr. 077/2019 hefur tillagan verið borin undir lögreglu höfuðborgarsvæðisins sem hefur samþykkt hana.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
deildarstjóri samgangna